



# Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 6. febrúar 2012

**Fundaboðari:** Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

**Nr. fundar:** 24

## Mættir:

Björn Steinar Pálmason, bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar  
Gyða Steinsdóttir, bærarstjóri Stykkishólmsbæjar  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar  
Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi Snæfellsness og starfsmaður Framkvæmdaráðs

**Fundarstaður og tími:** Ráðhús Snæfellsbæjar, 6/2/2012 kl. 10:00

## Dagskrá:

1. Endurnýjuð vottun
2. Framkvæmdaáætlun næstu fimm ára
3. Fjármögnun verkefnisins fyrir árið 2012
4. Árleg endurskoðun sjálfbærnistefnu og undirritun
5. Umhverfisvottun Vesturlands alls
6. Önnur mál

## Umfjöllun:

1. Theó gerði grein fyrir heimsókn úttektaáðila á Snæfellsnes í desember. Um úttekt sá Haukur Haraldsson frá Almennu verkfræðistofunni. Fólst úttektin að mestu í yfirferð á tölulegum gögnum og þeim úrbótum sem krafist var þegar vottun var endurnýjuð síðast. Í janúar hlaut Snæfellsnes vottun á ný með nokkrum minni háttar athugasemdum sem bæta þarf úr fyrir næstu úttekt. Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:
  - a. Framkvæmdaáætlun 2012-2016 hefur enn ekki verið samþykkt og tekin formlega í notkun.
  - b. Sjálfbærnistefna Snæfellsness hefur ekki verið endurskoðuð fyrir árið 2011.
  - c. Öll töluleg gildi sem eru mæld reiknuðust yfir lágmarkskröfum utan þess sem snýr að vottuðum einkareknum fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Átak í þessum eignum hefur verið sett á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2012 og bíður frekari útfærslu.
  - d. Vistvæn innkaup sveitarfélaganna, eða að minnsta kosti skráning á þeim, hefur dalað nokkuð síðustu ár. Það þarf að ýta aftur á starfsmenn að skrá samviskusamlega niður innkaup á pappír og hreinsiefnum á þar til gerð eyðublöð. Sú skipun þarf að koma frá bærarstjórum en umhverfisfulltrúi sæi um að útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk.
2. Drög að framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára eru tilbúin til yfirferðar. Samþykkt var að bærarstjórar læsu áætlunina yfir og haldinn yrði símafundur í vikunni 13.-17. febrúar þar sem farið yrði yfir hvern lið fyrir sig og athugasemdir gerðar. Áætlunin þarf svo að fara í gegnum bærarstjórnir til yfirferðar og samþykktar.
3. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Ráðuneytið hefur enn ekki svarað styrkumsókn en gerir það vonandi á næstu dögum. Lítið hægt að ákveða með fjármál verkefnisins fyrir en svar fæst frá ráðuneytinu.



## Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 6. febrúar 2012

- 
4. Sjálfbærnistefna Snæfellsness fyrir árið 2012 undirrituð án breytinga.
  5. Guðrún Bergmann hafði samband við Theó nýlega þar sem hún kynnti áætlanir sínar um að kynna umhverfsvottun EarthCheck fyrir forsvarsmönnum annarra sveitarfélaga á Vesturlandi. Hafði hún á orði þá hugmynd að Theó gæti unnið sem umhverfisfulltrúi fyrir öll sveitarfélögin á Vesturlandi ef áhugi væri fyrir hendi. Forsvarsmenn Framkvæmdaráðs Snæfellsness telja það ekki skynsamlegt. Bentu þó á að þeir sem staðið hafa að verkefninu Snæfellsnesi geti lagt fram aðstoð á formi reynslu og gagna sem þegar eru fyrir hendi.
  6. Minnst var á mikilvægi þess að vinna þau verkefni sem farin eru af stað eða eru í startholunum á Snæfellsnesi saman, svo sem svæðisgarð, jarðminjagarð og vottunarverkefnið. Einnig kom upp sú hugmynd að ræða við Þróunarfélag Snæfellinga og kynna þeim umhverfsvottunarverkefnið.

Rætt var um það hvernig best væri að hvetja ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi til þess að huga að umhverfsvottun fyrir starfsemi sína. Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki sýnt áhuga. Fyrsti möguleikinn væri að kanna hvort Rósa á Markaðssöfðu Vesturlands gæti verið Framkvæmdaráðinu innan handar í því verkefni. Spurning hvort mögulegt væri að merkja þessi fyrirtæki sérstaklega í bæklingum? Annar möguleiki væri að nokkur fyrirtæki tækju sig saman og sæktu um styrk til Impru og fengju ráðgjöf frá til dæmis Stefáni Gíslasyni hjá Environice.

Sveitarfélögin ættu að hvetja fólk til að ganga til vinnu eða nota hjól í stað þess að nýta bíla sína svo mikið sem raun ber vitni.

### Frkv. fyrir næsta fund:

Yfirlestur framkvæmdaáætlunar og símafundur þar sem farið verður yfir hvern lið fyrir sig.

Theó talar við Rósu í sambandi við vottun ferðaþjónustufyrirtækja.

Theó talar við Sturlu hjá Þróunarfélagi Snæfellinga.

**Næsti fundur:** Símafundur í febrúar, næsti fundur Framkvæmdaráðs verður haldinn 2. apríl í Stykkishólmi

**Fundi slitið kl.:** 11:00